

**Nr. 109 / 10 Stormur -Breki****Leki um borð**

Skipaskr.nr. 733  
 Smíðaður: Strandby Danmörku 1957 Eik  
 Stærð: 71,2 brl. 70 bt.  
 Mesta lengd: 23,13 m Skráð lengd: 20,48 m  
 Breidd: 5,73 m Dýpt: 2,8 m  
 Vél: Caterpillar 313 kW, 1981  
 Fjöldi skipverja: 2



Stormur Breki ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 7. ágúst 2010 Var Stormur Breki á siglingu um 8 sml. SSV af Selvogsvita. Veður A 3-5 m/sek. Undiralda 1,5 – 2m

Skipstjóri varð var við að austur var farinn að aukast í skipinu og ræsti austurdælur. Fljótlega varð ljóst að vélarúmsdælan hafði vel við lekanum í vélarúminu en austurdæla í lest gerði það ekki og jókst austurinn jafnt og þétt í framrymum. Skipstjórinn setti því stefnu á Þorlákshöfn og hafði samband við Vaktstöð siglinga og óskaði eftir aðstoð.

Þyrlla var send með dælu og þegar hún kom hafðist undan lekanum. Báturinn var endanlega þurrausinn eftir að komið var í höfn með dælu frá landi.

**Við rannsókn kom fram:**

- að í ljós kom leki á bakborðskinnungi þar sem losnað hafði um tróð á þriggja metra kafla á umfari ofan venjulegrar sjólínu. Einnig hafði losnað um tróðið beggja vegna upp með stefni og víða á kinnungnum;
- að það átti bara að sigla bátnum á milli hafna og nota hann sem leikmynd við kvikmyndatöku og gildi haffærisskírteini til 19. október 2010;
- að skipstjóri sagðist hafa haft eftirlit með bátnum um mánaðar tíma fyrir siglinguna og enginn leki hafi verið að honum þar sem hann lá í Reykjavíkurhöfn. Hann hafði vitneskju um að báturinn hafði legið lengi í Grindavíkurhöfn með stjórnborðshlið að bryggju. Bakborðssíðan hafi því ekki verið í skugga frá sólargeislum og hætta á ofþornun súðar verið meiri;

- að vegna þéttleika vélarúmsþilsins fram í lest rann austurinn í litlu magni aftur í vélarúmið og var því vélbúnaðurinn ekki í hættu;
- að sögn viðgerðaraðila fór mikið af hampi í kinnunginn sérstaklega upp með stefni beggja vegna og var lokað yfir með hefðbundnu línólíum kíttri. Það vakti athygli hans að víða hafði verið þétt með nokkrum tegundum af „túpukíttri“ eins og Sikaflex og sílikonkíttri og við hempingu fundu smiðir að þegar þessi efni hafi verið sett í hafi engum hampi verið bætt í;
- að viðgerðaraðili benti á að við aðstæður eins og skipstjóri lýsti muni súð opnast í langvarandi sól og þurrki og þegar báturinn kom í úthafsölduna þá hafi losnað um kítisflórana og sjór flætt inn.

### *Nefndarálit:*

Orsök lekans var lélegt viðhald sem varð til þess að tróð (hemping) fór úr skorðum.

### *Ábending:*

Nefndin bendir á mál 02503, 09906, 16107, 16207 og 02609 þar sem svipaðar aðstæður voru fyrir hendi.